Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 13. febrúar 2014.*Formaður stjórnar:* Auður Hallgrímsdóttir. Meðstjórnandi: Kristján Valgeir Þórarinnsson.*Firmað ritar:* Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Kristján Valgeir Þórarinnsson.*Prókúruumboð:* Kristján Valgeir Þórarinnsson, Eyjólfur Berg Axelsson, kt. 031184-2319, Árakri 1, Garðabæ.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Theodór Ingi Pálmason, kt. 260487-2139, Fífuvöllum 24, Hafnarfirði.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er innflutningur, heildsala, leiga á leiktækjum, kaup og sala verðbréfa, fjárfestingar í fasteignum, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2014005927

Útgáfud.: 1. apríl 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **AB 399 ehf.***Kt.:* 600314-0410.*Heimili og varnarþing:* **Borgartúni 27, Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 4. febrúar 2014.*Stofnendur:* KPMG Legal ehf., kt. 560200-3580, Borgartúni 27, Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 4. febrúar 2014.*Formaður stjórnar:* Alexander G. Eðvardsson, kt. 300957-4399, Lálandi 24, Reykjavík. Meðstjórnandi: Jónas Rafn Tómasson, kt. 041273-5699, Blikahöfða 18, Mosfellsbæ.*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.*Prókúruumboð:* Alexander G. Eðvardsson, Jónas Rafn Tómasson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2014005929

Útgáfud.: 1. apríl 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Leiguaðall ehf.***Kt.:* 590314-0480.

Heimili og varnarþing: Vesturlbr Fífilbrekku, Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 24. febrúar 2014.

Stofnendur: 111 ehf., kt. 660606-2380, Vesturlbr Fífilbrekku, Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 24. febrúar 2014.

Formaður stjórnar: Benedikt G Jóseppson, kt. 090866-4519, Vesturlbr Fífilbrekku, Reykjavík. Meðstjórnandi: Hekla Björk Guðmundsdóttir, kt. 180169-3939, Vesturlbr Fífilbrekku, Reykjavík.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Prókúruumboð: Benedikt G Jóseppson, Hekla Björk Guðmundsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Þorsteinn Ragnarsson, kt. 190851-7299, Efstalundi 10, Garðabæ, Þrep ehf., kt. 611287-1869, Skipholti 50b, Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er bygging leiguíbúða og útleiga íbúðahúsnæðis. Rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014005931

Útgáfud.: 1. apríl 2014

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Byttutangi ehf.

Kt.: 600314-1140.

Heimili og varnarþing: Gvendargeisla 34, Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 6. mars 2014.

Stofnendur: Niels Árni Lund, kt. 010750-3779, Gvendargeisla 34, Reykjavík, Kristjana Benediktsdóttir, kt. 080752-4589, Gvendargeisla 34, Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 6. mars 2014.

Stjórnarmaður: Niels Árni Lund. Varastjórn: Kristjana Benediktsdóttir.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Niels Árni Lund.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Þorbjörn Ingi Stefánsson, kt. 180277-4639, Fellsmúla 2, Reykjavík, Stefán Sigtryggsson, kt. 190652-2119, Nönnugötu 16, Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er bókaútgáfa, kaup, sala, eignarhald, endurbygging og rekstur fasteigna, ferðaþjónusta og hver önnur sú starfsemi sem stjórn félagsins á hverjum tíma telur féluginu til hagsbóta.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014005932

Útgáfud.: 1. apríl 2014

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Svanna ehf.

Kt.: 600314-1060.

Heimili og varnarþing: Kirkjuvegi 3, Ólafsfirði.

Dagsetning samþykktar er: 3. mars 2014.

Stofnendur: Svanborg Anna Jóhannsdóttir, kt. 030180-3219, Ólafsvegi 13, Ólafsfirði, Ingólfur Frímansson, kt. 211276-4529, Ólafsvegi 13, Ólafsfirði.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 3. mars 2014.

Stjórnarmaður: Svanborg Anna Jóhannsdóttir. Varastjórn: Ingólfur Frímansson.

Firmað ritar: Stjórnarmaður og varamaður saman.

Framkvæmdastjórn: Svanborg Anna Jóhannsdóttir.

Prókúruumboð: Svanborg Anna Jóhannsdóttir, Ingólfur Frímansson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Dill ehf., kt. 510401-2120, Sunnuhlíð 12, Akureyri, Gunnar Páll Ólason, kt. 250454-3259, Efri-Hólum, Kópaskeri.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur hárgreiðslustofu, rekstur fasteigna, lánastarfsemi, innflutningur og annar skyldur atvinnurekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014005933

Útgáfud.: 1. apríl 2014

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Skyler ehf.

Kt.: 570314-0410.

Heimili og varnarþing: Ármúla 7, Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 7. mars 2014.

Stofnendur: Lotus Lögmenn ehf., kt. 501111-0310, Ármúla 7, Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. mars 2014.

Stjórnarmaður: Gunnar Gunnarsson, kt. 161172-3409, Lambaseli 5, Reykjavík. Varastjórn: Björn Jakob Björnsson, kt. 161274-5509, Dalþingi 12, Kópavogi.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Prókúruumboð: Gunnar Gunnarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er eignarhald verðbréfa, eignarhald og rekstur fasteigna, inn- og útflutningur, smásala, heildsala, umboðssala, upplýsingastarfsemi og lánastarfsemi og sambærileg starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014005934

Útgáfud.: 1. apríl 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: Njóður ehf.**Kt.: 570314-1650.**Heimili og varnarþing: Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 20. febrúar 2014.**Stofnendur: ADVEL lögmenn slf., kt. 420112-0170, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 20. febrúar 2014.**Stjórnarmaður: Ragnheiður Þorkelsdóttir, kt. 311278-5419, Þorrasölum 35, Kópavogi. Varastjórn: Guðmundur Siemsen, kt. 291278-2139, Smyrlahrauni 10, Hafnarfirði.**Firmað ritar: Stjórnarmaður.**Prókúruumboð: Ragnheiður Þorkelsdóttir.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Rýni endurskoðun ehf., kt. 610909-1080, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup og sala hlutabréfa, eignarhald á hlutabréfum, kaup og sala fasteigna, eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2014005935)

Útgáfud.: 31. mars 2014

Stefna - f.h. Framkvæmdafélagsins Hömlur 1 ehf.**Ásgeir Jónsson hrl.,****Laugavegi 99, Reykjavík***gerir kunnugt: Að hann þurfi fyrir hönd Hömlur 1 ehf., kt. 630109-0860, Austurstræti 11, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur gegn Gunnari Justinussen, kt. 080971-2499, sem skráður er utangarðs, fyrir hönd NDL ehf., kt. 521202-3510, Dugguvogi 10, Reykjavík.**Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.528.296 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. apríl 2013 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt er þess krafist að stefndi greiði virðisaukaskatt af málskostnaðarfjárhæðinni skv. lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Jafnframt er þess krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfu og málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.**Fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Ásgeir Jónsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.**Málsástæður og málsatvik: Framangreind skuld er samkvæmt leigusamningi dags. 9. desember 2011, um fasteignina Rauðhelli 11, Hafnarfirði, fastanr. 228-2150, ásamt öllu því sem fylgdi og fylgja bæri að engu undanskildu. Leigusamningurinn er gerður milli stefnda sem leigutaka og Framkvæmdafélagsins Hömlur ehf., kt. 460509-0330, sem leigusala en það félag var þinglýstur eigandi fasteignarinnar, sbr. kaupsamning og afsal dags. 23. febrúar**2011, þinglýst 8. mars 2011. Framkvæmdafélagið Hömlur ehf. var sameinað stefnanda í samræmi við samrunaáætlun þar um og var samruninn staðfestur á hluthafafundi þann 4. febrúar 2014.**Kröfur stefnanda byggjast á því að stefndi hafi ekki greitt að fullu leigu og greiðslur skv. leigusamningnum vegna aprilmánaðar 2013. Höfuðstóll umsamins leigugjalds fyrir það tímabil nemi alls kr. 1.528.296, sem er stefnufjárhæð þessa máls.**Er undirritaður lögmaður stefnanda hóf afskipti af málinu að beiðni forvera stefnanda voru leigugreiðslur ógreiddar vegna febrúar, mars og apríl 2013. Hafði forveri stefnanda sjálfur sent stefnda greiðsluáskorun, dags. 4. apríl 2013, vegna ógreiddrar leigu fyrir febrúar og mars en þar sem engin viðbrögð urðu af hálfu stefnda sendi forveri stefnanda tilkynningu um riftun leigusamningsins til stefnda þann 11. apríl 2013 og um leið var stefnda tilkynnt að honum bæri að rýma húsnæðið þegar í stað. Að þessu undangengnu sendi undirritaður lögmaður innheimtuviðvörðun til stefnda dags. 22. apríl 2013. Sýndi stefndi þá viðbrögð og gerði upp vanskil vegna febrúar og marsmánaðar 2013 þann 6. maí 2013. Stefnda var síðan bæði sent innheimtubríf dags. 8. maí 2013 og ítrekun 20. júní 2013 vegna áframhaldandi vanskila á leigu fyrir aprílmánuð 2013 án þess að nokkur viðbrögð yrðu við þessum innheimtutilraunum af hálfu stefnda. Stefndi rýmdi ekki húsnæðið að beiðni forvera stefnanda.**Þann 3. maí 2013 seldi stefnandi fasteignina til Sólningar ehf. (þá Sólning Kópavogi ehf.) sem tók við skyldum leigusala skv. leigusamningnum frá og með maí mánuði 2013 en umrætt félag tengist stefnda þannig að Gunnar Justinussen er stjórnarformaður beggja félaga.**Stefnandi hefur reynt að birta stefnu fyrir stefnda á skráðri starfsstöð hans en þar eru engin ummerki um stefnda og enginn þar kannast við stefnda. Þar sem innheimtutilraunir stefnanda hafa ekki borið árangur er honum nauðsyn að fá dóm um kröfur sínar á hendur stefnda. Samkvæmt Hlutfélagaskrá er Gunnar Justinussen stjórnarformaður stefnda og er honum því stefnt fyrir hönd félagsins. Þar sem hann er skráður utangarðs í þjóðskrá er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.**Lagarök: Kröfur stefnda byggjast á leigusamningi sem í gildi var á milli stefnanda og stefnda á því tímabili sem vanskilin áttu sér stað. Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Um varnarþing vísast til 3. tl. 42. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.**Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins munu stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:**Afrit af leigusamningi, afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af kaupsamningi, greiðsluáskorun vegna vangoldinnar húsaleigu, yfirlýsing um riftun, innheimtuviðvörðun, innheimtubríf og ítrekun lögmanns stefnanda til stefnda auk*

vottorða úr hlutafélagaskrá og útskrift úr fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Áskilnaður: Verði tekið til varna í máli þessu er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn og leiða fram aðila og vitni. Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn og nýjar málsástæður ef málatilbúnaður stefndu gefur tilefni til þess.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda en koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómssal nr. 102 í dómshúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 15. maí 2014, kl. 10:00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hann átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 20. mars 2014.

Ásgeir Jónsson hrl.

(2014005892

Útgáfud.: 1. apríl 2014

Stefna - til viðurkenningar á faðerni

Sigurbjörg Halla Sigurjónsdóttir,

Bakktjörn 1, Selfossi,

f.h. ólögráða dóttur sinnar,

Önnu Rakelar Sigurbjargardóttur,

gjörir kunnugt: Að það þurfi að höfða mál á hendur Augustine Nsumba, kt. 180887-3859, sem er óstaðsettur í hús í Úganda, til viðurkenningar á faðerni Önnu Rakelar.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Steinunn E. Kolbeinsdóttir hdl., Lögmönnum Suðurlandi á Selfossi, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að viðurkennt verði að stefndi, Augustine Nsumba, kt. 180887-3859, sé faðir Önnu Rakelar Sigurbjargardóttur, kt. 310510-3510. Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í ríkissjóð og að allur kostnaður stefnanda, þar með talinn kostnaður við öflun mannfæðisráðgjafra rannsókna og annarra sérfræðiskýrsla sem afla þarf, verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir: Þann 31. maí 2010 fæddist Anna Rakel Sigurbjargardóttir. Anna Rakel sem er stefnandi máls þessa er dóttir Sigurbjargar Höllu Sigurjónsdóttur. Sigurbjörg Halla hefur ávallt sagt stefnda vera föður stefnanda, Önnu Rakelar, enda voru þau Sigurbjörg og Augustine Nsumba í sambandi á getnaðartíma stúlkunnar. Sigurbjörg hefur jafnframt lýst því yfir að aðrir menn komi ekki til greina sem feður stúlkunnar.

Á meðan á sambandi Sigurbjargar og stefnda stóð var hann búsettur í Vestmannaeyjum og spilaði knattspyrnu með ÍBV. Áður en stúlkun fæddist fór hann til Úganda, það átti hins

vegar að vera tímabundið og ætlaði hann að koma aftur til Íslands eftir ferðina til Úganda en það hefur ekki gengið eftir. Sigurbjörg hefur verið í samskiptum við stefnda í gegnum tölvupóst og Facebook eftir að hann fór til Afríku en hefur ekki upplýsingar um heimilisfang hans þar. Í gegnum tölvupóst og Facebook hefur stefndi fengið fréttir og myndir af dóttur sinni. Áður en mál þetta var höfðað óskaði Sigurbjörg eftir að stefndi myndi undirrita faðernisfyrirlysingu og senda henni með pósti en slík yfirlýsing hefur ekki borist til Sigurbjargar. Undirrituð leitaði eftir aðstoð ræðismanns Íslands í Úganda og óskaði eftir milligöngu hans um að senda undirritaða faðernisviðurkenningu til Íslands en stefndi sá sér ekki fært að koma á skrifstofu ræðismannsins og undirrita viðurkenninguna.

Málsástæður og lagarök: Mál þetta er höfðað á grundvelli II. kafla barnalaga nr. 76/2003 vegna þeirra ríku hagsmuna sem stefnandi, Anna Rakel, hefur af því að vera rétt feðruð. Málið er höfðað á Íslandi með heimild í a- og c-liðum 1. mgr. 8. gr. barnalaga á heimilisvarnarþingi stefnanda skv. 9. gr. sömu laga.

Málið er höfðað gegn Augustine Nsumba í samræmi við 2. mgr. 10. gr. barnalaga þar sem segir að þeim mönnum eða manni skuli stefnt sem eru taldir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barns. Eins og áður var lýst var móðir stefnanda og stefndi í sambandi á getnaðartíma stefnanda og hefur móðir stefnanda lýst því yfir að stefndi sé eini maðurinn sem til greina komi að sé faðir stefnanda.

Ekki er talið að stefndi muni taka til varna í málinu og mótmæla dómkröfu um viðurkenningu á faðerni stefnanda enda hefur hann aldrei látið í ljós efa um að hann sé faðir stefnanda. Komi hins vegar til þess er krafist að dómari úrskurði um að mannfæðisráðgjafleg rannsókn fari fram sem staðfesti faðerni stefnanda í samræmi við 15. gr. barnalaga.

Krafa um málskostnað byggir á ákvæði 11. gr. barnalaga en skv. ákvæðinu skal þóknun lögmanns stefnanda greiddast úr ríkissjóði skv. ákvörðun dómsins, svo og annar málskostnaður stefnanda, þar með talinn kostnaður vegna mannfæðisráðgjafra rannsókna og annarra sérfræðiskýrsla sem afla þarf. Að öðru leyti er almennt vísað til ákvæða barnalaga nr. 76/2003 og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 sbr. 1. mgr. 12. gr. barnalaga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi m.a. leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum: Fæðingarvottorð, útskrift úr Þjóðskrá og tölvupóst frá Þjóðskrár Íslands þann 27. febrúar 2014.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Augustine Nsumba, kt. 180887-3859, sem er óstaðsettur í hús í Úganda að koma fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Suðurlands, á dómþingi sem haldið verður að Austurvegi 4, Selfossi, þann 7. maí 2014, kl. 14:00, til þess að sjá skjöl málsins í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og taka til varna ef einhverjar eru. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við því að málið verði dæmt samkvæmt kröfum stefnanda.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Selfossi, 27. mars 2014,

f.h. stefnanda,

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir hdl.

(2014005941

Útgáfud.: 1. apríl 2014

Stefna - f.h. húsfélagsins Grýtubakki 2-12**Húsfélagið Grýtubakki 2-16,
kt. 410476-0109,****Grýtubakka 2, Reykjavík**

gerir kunnugt: Að höfða þurfi mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Elíasi Safder Ashiq Shamsudin, kt. 090178-4909, og Alfiya Shabbir Shamsudin, kt. 140378-2759, með óþekkt heimilisfang.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmd in solidum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 87.462 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, þannig:

Af kr. 14.577 frá 1. september 2013 til 1. október 2013,

þá af kr. 29.154 til 1. nóvember 2013,

þá af kr. 43.731 til 1. desember 2013,

þá af kr. 58.308 til 1. janúar 2014,

þá af kr. 72.885 til 1. febrúar 2014,

en þá af kr. 87.462 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti og dráttarvöxtum á málskostnað frá 15. degi eftir dómsuppsögudag til greiðsludags, sbr. framlagðan málskostnaðarreikning.

Þá er þess krafist að staðfestur verði lögveðsréttur fyrir kröfunni, ásamt vöxtum og kostnaði, í íbúð stefndu, merktri 01-0202, með fastanúmer 204-7677, í fasteigninni nr. 2 við Grýtubakka í Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður Ásgeir Björnsson hdl., kt. 250360-4529, Austurströnd 1, Seltjarnarnesi, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvor: Fyrirsvarsmaður stefnanda, húsfélagsins Grýtubakka 2-16 í Reykjavík, er Erla K. Bergmann Sigurðardóttir, Grýtubakka 2, Reykjavík.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi er húsfélag starfrækt af eigendum fasteignarinnar að Grýtubakka 2-16, Reykjavík. Stefndu eru þinglesnir eigendur ofangreindrar íbúðar í húsinu nr. 2 við Grýtubakka í Reykjavík. Á stefndu hafa verið lögð húsgjöld, vegna hlutdeildar ofangreinds eignarhluta í sameiginlegum kostnaði, sbr. framlagt yfirlit yfir ógreidda giróseðla frá Íslandsbanka hf., en bankinn hefur veitt stefnanda (húsfélaginu) þjónustu við innheimtu húsgjalda. Stefnandi byggir fjárkröfur sínar á framangreindu yfirliti og því að stefndu eru félagar í húsfélaginu sem þinglesnir eigendur íbúðarinnar. Af því leiðir að þeim ber að greiða þau gjöld sem löglega hafa verið á þau lögð.

Höfuðstóll álagningar gjalda sundurliðast þannig:

Á gjalddaga 01.09.2013, kr. 14.577.

Á gjalddaga 01.10.2013, kr. 14.577.

Á gjalddaga 01.11.2013, kr. 14.577.

Á gjalddaga 01.12.2013, kr. 14.577.

Á gjalddaga 01.01.2014, kr. 14.577.

Á gjalddaga 01.02.2014, kr. 14.577.

Samtals, kr. 87.462.

Stefnandi byggir lögveðkröfu sína á því að húsgjöldum fylgi lögveðréttur skv. 48. gr laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Stefnandi byggir jafnframt lögveðskröfu sína á því að hann hafi skort nauðsynlega vitneskju um heimilisfang stefndu og því hafi honum verið ómögulegt að innheimta kröfuna og lögveðið því ekki fallið niður, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

Þar sem stefnanda hefur reynst með öllu ókleift að afla upplýsinga um heimilisfang stefndu, sbr. tölvupóstssamskipti við ræðismann Íslands í Kanada (dskj. nr. 6) og sem síðast spurðist til í Kanada, ber honum nauðsyn til að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði, sbr. a. lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Helstu lagaákvæði og heimildir sem stefnandi bindur rétt sinn við: Stefnandi byggir kröfur sínar á lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús, einkum 13. gr., 47. gr., 48. gr. og 56. gr. þeirra laga svo og almennum reglum kröfuréttarins. Krafan um málskostnað er byggð á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málskostnað er byggð á lögum nr. 50/1988. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við III. kafla laga nr. 38/2001, einkum 6. gr. laganna. Þá er byggt á 1. mgr. 10. gr. laga um fyrningu nr. 91/1991 varðandi rökstuðning þess að lögveð sé ekki fallið niður.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til þess, á síðari stigum málsins, að kalla aðila málsins og vitni fyrir dóm til skýrslugjafar. Stefnandi áskilur sér einnig rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, komi fram mótmæli við kröfunni og/eða gefist tilefni til.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu ásamt lögbirtingablaði því sem stefnan birtist í.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Innheimtuviðvörðun Íslandsbanka ásamt yfirliti yfir ógreidda giróseðla dags. 3. september 2013.
4. Veðbókarvottorð.
5. Útpentun úr þjóðskrá.
6. Tölvupóstssamskipti við ræðismann Íslands í Kanada.
7. Tölvupóstssamskipti við Corpa Investigation Inc.
8. Málskostnaðarreikning.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Elíasi Safder Ashiq Shamsudin, kt. 090178-4909, og Alfiya Shabbir Shamsudin, kt. 140378-2759, með óþekkt heimilisfang, til þess að mæta er mál þetta verður þingfest á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102, dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 15. maí 2014, kl. 10.00 árdegis til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða og til að leggja fram gögn af sinni hálfu ella má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Seltjarnarnesi, 18. mars 2014.

F.h. stefnanda,

Ásgeir Björnsson hdl.

Útgáfud.: 2. apríl 2014

Stefna - f.h. Orkuveitu Reykjavíkur*Aðilar málsins eru:**Stefnandi:* Orkuveita Reykjavíkur - vatns og fráveita sf., kt. 591213-0160, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.*Stefndi:* Marcin Wasilczuk, kt. 040380-2059, Póllandi.*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Rakel Elíasdóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 151.579 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 4.241 frá 2. febrúar 2011 til 2. mars 2011, af kr. 8.466 frá 2. mars 2011 til 4. apríl 2011, af kr. 12.691 frá 4. apríl 2011 til 2. maí 2011, af kr. 17.918 frá 2. maí 2011 til 3. júní 2011, af kr. 23.141 frá 3. júní 2011 til 4. júlí 2011, af kr. 28.364 frá 4. júlí 2011 til 2. ágúst 2011, af kr. 33.587 frá 2. ágúst 2011 til 2. september 2011, af kr. 38.810 frá 2. september 2011 til 3. október 2011, af kr. 44.033 frá 3. október 2011 til 2. febrúar 2012, af kr. 49.832 frá 2. febrúar 2012 til 2. mars 2012, af kr. 55.614 frá 2. mars 2012 til 3. apríl 2012, af kr. 61.396 frá 3. apríl 2012 til 3. maí 2012, af kr. 67.178 frá 3. maí 2012 til 4. júní 2012, af kr. 72.960 frá 4. júní 2012 til 3. júlí 2012, af kr. 78.742 frá 3. júlí 2012 til 2. ágúst 2012, af kr. 84.524 frá 2. ágúst 2012 til 4. september 2012, af kr. 90.306 frá 4. september 2012 til 2. október 2012, af kr. 96.088 frá 2. október 2012 til 4. febrúar 2013, af kr. 102.267 frá 4. febrúar 2013 til 4. mars 2013, af kr. 108.431 frá 4. mars 2013 til 2. apríl 2013, af kr. 114.595 frá 2. apríl 2013 til 2. maí 2013, af kr. 120.759 frá 2. maí 2013 til 3. júní 2013, af kr. 126.923 frá 3. júní 2013 til 2. júlí 2013, af kr. 133.087 frá 2. júlí 2013 til 2. ágúst 2013, af kr. 139.251 frá 2. ágúst 2013 til 2. september 2013, af kr. 145.415 frá 2. september 2013 til 2. október 2013, af kr. 151.579 frá 2. október 2013 til greiðsludags.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefnda í fasteigninni Suðurrhólar 22, Reykjavík, fnr. 205-0922.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalmeðferð málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á framlögðum álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda fyrir árin 2011, 2012 og 2013.

Krafan sundurliðast svo:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	02.02.2011	02.02.2011	4.241
2.	02.03.2011	02.03.2011	4.225
3.	04.04.2011	04.04.2011	4.225
4.	02.05.2011	02.05.2011	5.227
5.	03.06.2011	03.06.2011	5.223
6.	04.07.2011	04.07.2011	5.223
7.	02.08.2011	02.08.2011	5.223
8.	02.09.2011	02.09.2011	5.223
9.	03.10.2011	03.10.2011	5.223
10.	02.02.2012	02.02.2012	5.799
11.	02.03.2012	02.03.2012	5.782
12.	03.04.2012	03.04.2012	5.782
13.	03.05.2012	03.05.2012	5.782
14.	04.06.2012	04.06.2012	5.782
15.	03.07.2012	03.07.2012	5.782
16.	02.08.2012	02.08.2012	5.782
17.	04.09.2012	04.09.2012	5.782
18.	02.10.2012	02.10.2012	5.782
19.	04.02.2013	04.02.2013	6.179
20.	04.03.2013	04.03.2013	6.164
21.	02.04.2013	02.04.2013	6.164
22.	02.05.2013	02.05.2013	6.164
23.	03.06.2013	03.06.2013	6.164
24.	02.07.2013	02.07.2013	6.164
25.	02.08.2013	02.08.2013	6.164
26.	02.09.2013	02.09.2013	6.164
27.	02.10.2013	02.10.2013	6.164

Samtals gera þetta kr. 151.579 sem er stefnuþjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda á fasteign stefnda að Suðurrhólum 22, Reykjavík, fnr. 205-0922. Um er að ræða vatns- og fráveitugjöld fyrir árin 2011, 2012 og 2013. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefnda til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Stefnandi byggir jafnframt lögveðskröfu sína á því að hann hafi skort nauðsynlega vitneskju um heimilisfang stefnda og því hafi honum verið ómögulegt að innheimta kröfuna og lögveðið því ekki fallið niður að hluta, sbr. 1. mgr. 10. gr. l. nr. 150/2007.

Stefndi hefur ekki skráð lögheimili skv. Þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennslna hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda til þess að birta honum greiðsluáskorun. Á stefnandi því ekki annarra kosta vól en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991. Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutílaunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatílvísanir: Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, einkum 6. og

9. gr., og 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, einkum 14.-16. gr. Varðandi rökstuðning fyrir því að lögveð sé ekki fyrnt að hluta vísast til 1. mgr. 10. gr. l. nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefnandi á 9. gr. laga nr. 32/2004 og 16. gr. l. nr. 9/2009. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til alíðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Álagningarseðlar vatns- og fráveitugjalda, gjaldstöður vatns- og fráveitugjalda, afrit innheimtuviðvarana, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr Þjóðskrá, útprentun úr Lögbirtingablaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsi héraðsdómsins við Lækjartorg, Reykjavík, þann 8. maí 2014, kl. 10.00, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 24. mars 2014,

f.h. stefnanda,

Rakel Elíasdóttir hdl.

(2014006077

Útgáfud.: 2. apríl 2014

Stefna - f.h. Orkuveitu Reykjavíkur

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Orkuveita Reykjavíkur - vatns og fráveita sf., kt. 591213-0160, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

Stefnda: Soffía Þorsteinsdóttir, kt. 040880-4299, Bretlandi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Rakel Elíasdóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 173.905 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 5.008 frá 2. febrúar 2011 til 4. apríl 2011, af kr. 9.994 frá 4. apríl 2011 til 2. maí 2011, af kr. 16.161 frá 2. maí 2011 til 3. júní 2011, af kr. 22.325 frá 3. júní 2011 til 4. júlí 2011, af kr. 28.489 frá 4. júlí 2011 til 2. ágúst 2011,

af kr. 34.653 frá 2. ágúst 2011 til 2. september 2011, af kr. 40.817 frá 2. september 2011 til 3. október 2011, af kr. 46.981 frá 3. október 2011 til 2. febrúar 2012, af kr. 53.816 frá 2. febrúar 2012 til 2. mars 2012, af kr. 60.641 frá 2. mars 2012 til 3. apríl 2012, af kr. 67.466 frá 3. apríl 2012 til 3. maí 2012, af kr. 74.291 frá 3. maí 2012 til 4. júní 2012, af kr. 81.116 frá 4. júní 2012 til 3. júlí 2012, af kr. 87.941 frá 3. júlí 2012 til 2. ágúst 2012, af kr. 94.766 frá 2. ágúst 2012 til 4. september 2012, af kr. 101.591 frá 4. september 2012 til 2. október 2012, af kr. 108.416 frá 2. október 2012 til 4. febrúar 2013, af kr. 115.705 frá 4. febrúar 2013 til 4. mars 2013, af kr. 122.980 frá 4. mars 2013 til 2. apríl 2013, af kr. 130.255 frá 2. apríl 2013 til 2. maí 2013, af kr. 137.530 frá 2. maí 2013 til 3. júní 2013, af kr. 144.805 frá 3. júní 2013 til 2. júlí 2013, af kr. 152.080 frá 2. júlí 2013 til 2. ágúst 2013, af kr. 159.355 frá 2. ágúst 2013 til 2. september 2013, af kr. 166.630 frá 2. september 2013 til 2. október 2013, af kr. 173.905 frá 2. október 2013 til greiðsludags.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefndu í fasteigninni Búagrund 8, Reykjavík, fnr. 224-3750. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalmeðferð málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á framlögðum álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda fyrir árin 2011, 2012 og 2013. Krafan sundurliðast svo:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
1.	02.02.2011	02.02.2011	5.008
2.	04.04.201	04.04.2011	4.986
3.	02.05.2011	02.05.2011	6.167
4.	03.06.2011	03.06.2011	6.164
5.	04.07.2011	04.07.2011	6.164
6.	02.08.2011	02.08.2011	6.164
7.	02.09.2011	02.09.2011	6.164
8.	03.10.2011	03.10.2011	6.164
9.	02.02.2012	02.02.2012	6.835
10.	02.03.2012	02.03.2012	6.825
11.	03.04.2012	03.04.2012	6.825
12.	03.05.2012	03.05.2012	6.825
13.	04.06.2012	04.06.2012	6.825
14.	03.07.2012	03.07.2012	6.825
15.	02.08.2012	02.08.2012	6.825
16.	04.09.2012	04.09.2012	6.825
17.	02.10.2012	02.10.2012	6.825
18.	04.02.2013	04.02.2013	7.289
19.	04.03.2013	04.03.2013	7.275
20.	02.04.2013	02.04.2013	7.275
21.	02.05.2013	02.05.2013	7.275
22.	03.06.2013	03.06.2013	7.275
23.	02.07.2013	02.07.2013	7.275
24.	02.08.2013	02.08.2013	7.275
25.	02.09.2013	02.09.2013	7.275

26. 02.10.2013 02.10.2013 7.275

Samtals gera þetta kr. 173.905 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda á fasteign stefndu að Búagrund 8, Reykjavík, fnr. 224-3750. Um er að ræða vatns- og fráveitugjöld fyrir árin 2011, 2012 og 2013. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefndu til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Stefnandi byggir jafnframt lögveðskröfu sína á því að hann hafi skort nauðsynlega vitneskju um heimilisfang stefndu og því hafi honum verið ómögulegt að innheimta kröfuna og lögveðið því ekki fallið niður að hluta, sbr. 1. mgr. 10. gr. 1. nr. 150/2007. Stefnanda hefur ekki skráð lögheimili skv. þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennslna hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefndu til þess að birta henni greiðsluáskorun. Á stefnandi því ekki annarra kosta vöð en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, einkum 6. og 9. gr., og 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, einkum 14.-16. gr. Varðandi rökstuðning fyrir því að lögveð sé ekki fyrnt að hluta vísast til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefnandi á 9. gr. laga nr. 32/2004 og 16. gr. laga nr. 9/2009. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Álagningarseðlar vatns- og fráveitugjalda, gjaldstöður vatns- og fráveitugjalda, afrit innheimtuviðvarana, útskrift úr fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr þjóðskrá, útprentun úr Lögbirtingablaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í dómsal 102 í dómhúsi héraðsdómsins við Lækjartorg, Reykjavík, þann 8. maí 2014, kl. 10.00, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefnda átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 25. mars 2014,
f.h. stefnanda,
Rakel Elíasdóttir hdl.

(2014006087

Útgáfud.: 28. mars 2014

Fjárræðissvipting

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 20. mars 2014 í máli nr. L-7/2014 var Hreiðar Hálfðán Antonsson, kt. 090981-4639, sviptur fjárræði tímabundið í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 27. mars 2014.
Bogi Hjálmtýsson.

(2014005677

Útgáfud.: 31. mars 2014

Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001, með síðari breytingum, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. V. lið til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir maí 2014:

Visitala neysluverðs: 419,7stig.

Visitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 8.287 stig.

Reykjavík, 26. mars 2014.
Hagstofa Íslands.

(2014005758

Lögbirtingablað,
34. tölublað 2014.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.